

LISTIR

Kjarval

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MYNDIR ÚR
KJARVALSSAFNI
JÓHANNES SVEINSSON
KJARVAL

Opið alla daga frá 10–18.
Breytingar á upphengingu í
óákveðinni framtíð. Aðgangur 400
krónur í allt húsið.

KJARVAL í nýju ljósi mætti nefna umskiptin sem hafa orðið við breytingu Kjarvalssalar, svo mjög sem sum myndverka hans njóta sín sem aldrei fyrr. Kemur strax fram í stóra málverkinu, Krítik, sem við blasir þá gengið er inn í salinn. Þetta mikla málverk hefur hangið uppi á mörgum stöðum í húsinu sem annars staðar, m.a. neðanjarðar hjá Rafveitunni. En aldrei hefur mér fundist innihald þess og boðskapur komast fullkomlega til skila og á stundum hefur hráleikinn í nágranninu átt sinn þátt í því. Allt þar til núna að málverkið hefur fengið umhverfi og innsetningu við hæfi, þannig að það opinberast skoðandanum í öllu sínu veldi, eins og slær á borðið og segir, hér er ég...

Frábært dæmi þess, að myndverk þurfa andrúm, þurfa að geta lifað og andað þar sem þau eru staðsett, ella verða þau sem ókennilegir hlutir í annarlegu umhverfi, lífsneistinn tekinn frá þeim. Hér er ofstöðuln lítið farsælli lausn en kraðak, meður því að sumar myndir njóta sín vel í þrengslum, eins og gerist á mannlífsvettvangi að einstakir skera sig helst úr í fjölmenni. Hér gilda sem áður hin óskráðu

lögmal innsæisins, hin beini skilningur án rökhugsunar, líkt og gerist í litafraði, einnegin svo mörgu sem að listum og skapandi atriðum lýtur, þar eru lögmálin í og með sértæk líkt og í sjálfri náttúrunni. Þetta vissi Kjarval, sem jafnvel málaði sig inn í umhverfi sitt eins og Lífshlaupið er til vitnis um, fleiri athafnir hans og háttalag.

Gott að lokið skuli að stokka upp hlutunum í Kjarvalssal, bæta lýsinguna og koma fyrir nýjum og stærri skilrúmum. Við það fá myndverkin meiri nálgun og eins og toga enn frekar í skoðandann. Smíðisverkið í loftinu, sem var vanhugsuð viðbót í lok upphaflegu framkvæmdanna þó enn til staðar, skrúfað enn fastar af lögvísun varvitum á listir, og þrátt fyrir eldhættu við ofhitun ef gamla lýsingin var í hámarki. Hins vegar nær ómenguð og himnesk náttúrubirtan að ofan ekki frekar en áður að skína óhindrað á myndirnar, né listaverkin að njóta lofthæðarinnar.

Hér er tilefni að víkja að fleiri þáttum er varða Kjarvalsstaði, hins vegar nóg svigrúm til að gera einstökum verkum og hlutum skil sérstaklega, eftir því sem þörf krefur, því þessar þjóðargersemar skal vakta og beina kastljósi að, ræktar-semin aldrei ofnóg. Og þó er undarlegt að naumast skuli fitjað upp á neinu nýju á staðnum, að ekki sé kynnt undir öfugsnúna söguskoðun fyrir vanþekkingu eða eitthvað lakara. Þannig gat að lesa í Lesbók 29. janúar, að með þessari sýningu sé langþráður draumur að rætast um varanlegan samastað verka Kjarvals. Þarf ekki að fara nema þrjá áratugi aftur í tímann til rannsóknar á byggingarsögu Listaskálans á



Krítik, olífa á léreft, 1946–1947. Í allri mannkynssögunni hefur vinnan og óvægin rýni á hlutina verið undirstaða mikilla afreksverka í list og mennt. „Fram til listarandans, ber þú óskir þínar, ef þú vinnur vel munt þú fá svar. Annars verður þú að leita að réttum spurningum.“ (Kjarval.)

Miklatúni, sem hefði eins getað fengið nafnið Listaskálinn að Klömbrum (eða við Sunnuhvol), til að hið rétta komi í ljós. Upprunalega var ráðist í byggingu hans vegna niðurrifs Listamannaskálans gamla við Kirkjustræti, við hlið Alþingishússins, en framkvæmdir hófust ekki fyrr en samið hafði verið við borgaryfirvöld um byggingu Kjarvalsálmú, jafnframt tengirými á milli. Losaralega var gengið til samninga af hálfu myndlistarmanna, að ekki sé fastar að orði kveðið, þannig að eðlilega fór svo að þeir glutruðu öllu frumkvæði úr höndum sér, er ófögur saga sem ekki skal rifjuð upp, en hana þekki ég í aðalatriðum upp á mína tíu fingur. Myndlistarmenn allt í einu orðnir peð í framkvæmdunum, og í framhaldinu var listamannaskálanafnið úr leik en, Kjarvalsstaðir, litu dagsins ljós. Af öllu þessu má ráða að stefnumörk borgarvalda voru frá upphafi þau að búa verkum Kjarvals varanlegan samastað, sem var í sjálfu sér frábær hugmynd, og til þess var Kjarvalsálma reist. Í henni og austurgangi hafa á tímabilinu verið haldnar margar misgóðar sýningar og ein stórgóð í samanlagðri byggingunni í tilefni aldarafmælis listamannsins 1985. En í raun réttu er það nær 30 ára vanræksla og trassaskapur um varanlegan samastað sem nú er að verða að veruleika, en hins vegar er raunsær draumur um nýjan Listamannaskála, sem rekinn væri af myndlistarmönnum og í líkingu við hinn gamla á Kirkjustræti, löngu fyrir bí. Þeir sem muna hinn forna skála, vita að hann var mesta lyftistöng íslenzkrar myndlistar allan tímann meðan hann var og hét, en eitthvert spennufall hafði orðið á förnfýsinni og metnaðinum að baki byggingarinnar er svo var komið, útkjálkapólítik, nánasarsemi og sérhyggja tekið völdin.

Eðlilega koma upp tímabundnar

aðstæður sem kalla á að allt rými byggingarinnar sé lagt undir ákveðna listræna frammíngá, en þó á að vera hægt að koma því svo fyrir að alltaf verði á einhvern hátt hægt að nálgast verk málaraans. Þó ber að forðast að gróma helgi staðarins með kosningum og veisluhöldum eins og gert hefur verið og ekki á sér hliðstæðu nema fyrir austan tjald, sem var, og í mjög vanþróuðum ríkjum. Merkilegt hve vel þessi 30 ár, ríma við 30 ára bið Kjarvals eftir efnudum ríkisins um að reisa honum hús og vinnustofu sem loks var tilbúið er hann var kominn að fótum fram. Kjarval hafnaði því af mjög skiljanlegum ástæðum, og vel að merkja með þeirri frómu ósk um leið, að það nýttist myndlistarmönnum í fullu fjöri, en sú ósk var að engu virt nema rétt í upphafi.

Við þessi ánægjulegu og heilbrigðu hvörf að Kjarvalsstöðum, kom það nokkuð á mig að sjá stórt ljósrit af hluta Lífshlaupsins þekja norðurvegg austurgangsins, einmitt og öðru fremur vegna þess, að borgin hafnaði því á sínum tíma að kaupa frumverkið þá henni bauðst það, afþakkaði að fá sýnishorn af umhverfi meistarans í hans eigið hús. Nú geta menn borið frumverkið sem sýnt er í kjallara Listasafns Kópavogs ásamt ýmsum hlutum úr vinnustofunni að Austurstræti, saman við ljósritið. Upplifað hinn stóra mun, að vera með frumverkið í beinu sjónmáli og andrúmið í kring, svo og ljósrit, en þó raunabót að ekki skyldi sett marmaragólf fyrir framan það. Skynja þá væntanlega mikilvægi þess að varðveita sem mest af andrúminu í kringum listamenn svo órsjaldan sem tækifæri gefst til þess, í stað þess að má það út, valta yfir það með finheitum og rasspúðaskipulagi. Er mér andrúmið á vinnustofunni í fersku minni, því Kjarval átti það til að taka mig herfangi á Austurstræti

og sýna mér herlegheitin innan dyra um leið og hann áritaði og gaf mér bækur sínar, Grjót, Meira grjót og Enn grjót. Er það ljúfar og stórbrotnar minningar.

Verður spennandi að fylgjast með athafnaseminni í húsinu eftir breytingarnar, til að mynda sveigjanleika skilrúmana, aðdáendur Kjarvals sem aðrir skulu eindregið hvattir að fjölmenna á staðinn og upplifa verk listamannsins, stór og smá, í nýju ljósi.

Bragi Ásgeirsson

M-2000

Fimmtudagur 10. febrúar

Útvarp 2000 – Útvarpshátíð í Háskólabíói. Athyglisvert útvarpsefni hvaðanæva verður flutt í sal og textanum varpað upp á biótjald.

Umsjón hafa Jón Karl Helgason, Jón Hallur Stefánsson og Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Við gluggann eftir Piers Plowright, Bretlandi.

Ég er bara Króati í prófil eftir Richard Dinker, Svíþjóð. Sérstakur gestur: Piers Plowright.

Aida. Stærsta framtak Sinfóníunnar á þessu starfsári er sviðsetning á meistaraverki Verdis, óperunni Aidu í Laugardalshöll. Meðal einsöngvara eru Kristján Jóhannsson, Larissa Diadkova og Guðjón Óskarsson.

Með hljómsveitinni koma fram Kór Íslensku óperunnar og dansarar úr Listdansskóla Íslands. Sýningin á fimmtudag hefst kl. 19:00 og á laugardag kl. 16. Vefslóð www.sinfonis.is

Tölvuþjálfun Windows • Word Internet • Excel

Það er aldrei of seint að byrja!
60 stunda námskeið þar sem þátttakendur
kynnast grundvallarþáttum tölvuvinnslu
og fá hagnýta þjálfun.

Vönduð kennslubók innifalin í verði.
Innritun stendur yfir.

Fjárfestu í framtíðinni!

Tölvuskóli Íslands
BÍLDHÖFÐI 18, SÍMI 567 1466


FLÍSAR LAGERÚTSALA

Okkar árlega lagerútsala hefst í dag

Opið til klukkan 22 í kvöld

Lagersalan stendur á meðan birgðir endast
Aðeins er um fyrsta flokks vörur að ræða
á alveg stórkostlegu verði

Þegar við höldum lagerútsölu
þá er það lagerútsala



GÓLFEFNABÚÐIN

traust undirstaða fjölskyldunnar

BORGARTÚN 33 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 561 7800 - FAX 571 7802
LAUFÁSGATA 9 - 600 AKUREYRI - SÍMI 461 4910 - FAX 461 4911